

Því úrskurðast:

Réttarkröfum sóknaraðilja, Lífeyrissjóðs verslunarmanna, í máli þessu er hafnað, og staðfestist frumvarp það til úthlutunar uppboðs- andvirðis, er gert var þann 18. febrúar 1980.

Sóknaraðili greiði varnaraðiljum málskostnað, 150.000 kr., innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 25. júlí 1983.

Nr. 137/1983. **Ákærvaldið**

gegn

Úlfari Þormóðssyni.

Kærumál. Hald á munum. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Með kæru 14. þ. m., er barst Hæstarétti 17. þ. m., hefur varnaraðili skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar, að því er ætla verður í því skyni, að úrskurðinum verði hrundið og hald það, sem lagt hefur verið á 4445 eintök af 2. tölublaði 43. árgangs Spegilsins og 174 eintök af 1. tölublaði 1. árgangs Samvisku þjóðarinnar verði fellt úr gildi.

Af hálfu ákærvaldsins er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Lögregla lagði hald á blöð þau, sem hér er um að ræða, eftir ósk ríkissaksóknara, sem síðan hefur höfðað opinbert mál gegn varnaraðilja, m. a. til upptöku á blöðunum. Samkvæmt 43. gr. laga nr. 74/1974 skal hald leggja á muni, sem ætla má, að gerðir verði upptækir, og er eigi gert ráð fyrir, að til þess þurfi úrskurð dómara. Eigi er að því er varðar prentað mál gerð um þetta nein undantekning, og hún þykir heldur eigi verða leidd af 72. gr. stjórnarskrárinnar. Var ákærvaldinu þannig heimilt að leggja hald á blöðin án undangengins dómsúrskurðar, en varnaraðili átti þess síðan kost að

bera ákvörðunina undir sakadóm og að kæra úrlausn sakadóms til Hæstaréttar samkvæmt 1. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974.

Svo sem áður greinir, hefur mál til upptöku blaðanna þegar verið höfðað, og verður í því máli leyst úr því, hvort krafa þessi verður tekin til greina. Er því eigi efni til þess að hnekkja ákvörðun ákærvaldsins um hald á blöðunum.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

S é r a t k v æ ð i

Magnúsar P. Torfasonar hæstaréttardómara.

Samkvæmt 72. grein stjórnarskrár nr. 33/1944 á hver maður rétt á að láta í ljós hugsanir sínar á prenti, en þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Hin síðastgreindu orð bera skýra svo rúmt, að lögregluvöld skuli leita úrskurðar dómara, áður en þau leggja hald á útgefið rit eftir heimild í 43. gr. laga nr. 74/1974, vegna þess að efni rits er talið slíkt, að það beri að gera upptækt með dómi. Þess var ekki gætt, er hald var lagt á 2. tbl. 43. árgangs Spegilsins og 1. tbl. 1. árgangs blaðsins Samviska þjóðarinnar.

Með ákæruskjali, dags. 28. júní sl., var varnaraðili ákærður til refsingar fyrir brot á 125. gr. og 210. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 svo og 3. mgr. 3. gr., 10. gr., 15. gr. og 30. gr. laga um prentrétt nr. 57/1956 vegna útgáfu og dreifingar framangreindra rita. Jafnframt er þess krafist í ákæruskjali, að bæði ritin verði gerð upptæk með dómi. Ekki verður talið loka fyrir það skotið, þegar efni ritanna er virt, að sú krafa kunni að verða tekin til greina. Er því ekki rétt, úr því sem komið er, að fella niður hald það, sem lagt var á ritin, og fá þau í hendur varnaraðilja, og það því fremur sem ekki verður séð, að varnaraðili hafi hreyft neinum athugasemdum, er hjá honum voru tekin þau eintök af 2. tbl. 43. árgangs Spegilsins, er hann hafði í sínum vörslum 30. maí sl., heldur afhenti þau lögreglumönnum „góðfúslega“, að því er segir í lögregluskýrslu, og heimilaði lögreglumönnum leit í húsakynnum sínum að fleiri eintökum.

Með þessum forsendum er ég samþykkur atkvæði meiri hluta dómenda.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 14. júlí 1983.

Ár 1983, fimmtudaginn 14. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni A. Ólafssyni sakadómar, kveðinn upp úrskurður þessi.

28. f. m. gaf ríkissaksóknari út ákæru á hendur Úlfari Þormóðssyni blaðamanni, Grjótagötu 9, Reykjavík, fæddum 19. júní 1944, „fyrir að hafa með útgáfu og dreifingu tímaritsins „Spegilsins“ 2. tbl. 43. árgangs dagana 27. - 30. maí 1983 og blaðsins „Samviska þjóðarinnar“ 1 tbl. 1. árgangs þann 3. júní 1983 og síðar gerst brotlegur gegn 125. gr. og 210. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og gegn lögum um prentrétt nr. 57/1956.“

Í I., II., III. og IV. kafla ákærunnar er ákæruandlagið nákvæmlega tilgreint. Í V. kafla ákærunnar eru dómkröfur m. a. um, að ákærði sæti skv. 1. mgr. 1. tl. 69. gr. almennra hegningarlaga upptöku á 4445 eintökum „Spegilsins“ og 2 eintökum af blaðinu „Samviska þjóðarinnar.“

Við þingfestingu málsins 6. þ. m. breytti vararíkissaksóknari með bókun kröfugerðinni þannig, að krafist var upptöku á 174 eintökum af síðargreinda blaðinu.

Aðdragandinn að málshöfðun þessari var sá, að framangreint tölublað „Spegilsins“ var gefið út af ákærða 27. maí sl. 30. s. m. var að tilhlutan ákæruvaldsins lagt hald á af lögreglunni öll tiltæk eintök í hinum ýmsu lögsagnarumdæmum landsins. Samkvæmt yfirliti frá skrifstofu ríkissaksóknara var lagt hald á samtals 4445 eintök, þar af í Reykjavík 2435 eintök. Flest þau eintök voru tekin á hinum ýmsu sölustöðum, en heima hjá ákærða lagði lögreglan hald á 98 eintök samkvæmt tilvísun hans, heima hjá öðrum starfsmanni blaðsins á 240 eintök samkvæmt tilvísun systur starfsmannsins og í prentsmiðjunni Odda á 6 eintök.

Með auglýsingu, dagsettri 10. júní sl., birti ríkissaksóknari í 61. tbl. Lögbirtingablaðsins, sem út kom 16. f. m., þá ákvörðun sína að leggja á ofangreint hald með skirskotun til 29. gr., 1. mgr., laga nr. 57/1956.

Er dómari málsins fékk gögn ákæruvaldsins í hendur, fékk hann einnig í hendur bréf Sigurmars K. Albertssonar héraðsdómslögmanns til yfirsakadómar frá 16. f. m. Í bréfinu var farið fram á, að dómurinn felldi „úr gildi ákvörðun lögreglunnar í Reykjavík um að leggja hald á 2. tbl. tímaritsins „Spegilsins,“ þar sem lögmaðurinn taldi, að lögreglunni hefði borið að afla dómsúrskurðar til aðgerðanna.

21. f. m. tilkynnti einn af fulltrúm yfirsakadómar ríkissaksóknara um bréf lögmannsins með því að senda honum afrit þess. Samdægurs skrifaði fulltrúinn lögmanninum og gaf honum kost á að rökstyðja beiðni sína með greinargerð.

Sú greinargerð barst fulltrúanum kl. 1500 föstudaginn 24. f. m. Þannig stóð sá þáttur málsins, er ákæra var gefin út.

Við þingfestingu málsins 6. þ. m. var lögmaðurinn skipaður verjandi ákærða. Þá óskaði verjandinn eftir að fá að skila framhaldsgreinargerð vegna breyttra forsendna, og vararíkissaksóknari óskaði eftir, að sú greinargerð yrði send embættinu og ákæruvaldinu gefinn kostur á kröfugerð. 11. þ. m. lagði verjandi fram á dómþingi framhaldsgreinargerð og breytti kröfugerðinni þannig, að hald ákæruvaldsins á tímaritunum „Speglinum“ og „Samvisku þjóðarinnar“ yrði felld úr gildi, þar eð ákæruvaldið hafði ekki aflað sér dómsúrskurða til aðgerðanna.

Með bréfi embættis ríkissaksóknara, dags. 11. júlí sl., sem dómaranum barst kl. 1300 í gær, segir m. a.:

„Komi til þess, að þér, hr. sakadómari, verðið við beiðni lögmannsins og takið álítaefni þetta til úrskurðar með einhverjum hætti, sem vandséð er, hvernig má verða eftir þessum leiðum, þá er af ákæruvaldsins hálfu höfð uppi sú krafa, að greind haldlagning á tímaritinu „Speglinum“ verði úrskurðuð lögleg.“

Vegna framangreindra efasemda í bréfi ríkissaksóknara lætur dómurinn sér nægja að vísa í 172. gr. laga nr. 74/1974, þar sem aðilja er lögmaeltur réttur til að kæra til æðra dóms úrskurði og ákvarðanir um efni, er varða rannsókn máls eða meðferð fyrir dómtöku. Slíkan rétt getur ákærður maður ekki nýtt sér, eins og hér stendur á, nema dómurinn taki til afgreiðslu kröfu verjanda með einum eða öðrum hætti, svo sem aðgerðarleysi.

Krafa verjanda tengist meðferð sakadómsmálsins gegn ákærða, sbr. 10. tl. 172. gr. framangreindra laga. Dómurinn er því bær um að taka einfalda ákvörðun og því fremur að úrskurða um ágreiningsefnið. Mörk réttarfarslaganna á milli ákvörðunar og úrskurðar eru ekki skörp, en ljóst er, að úrskurður er mun vandaðri afgreiðsla en einföld ákvörðun. Því telur dómurinn óheimilt að taka aðeins ákvörðun um efni, sem ber að úrskurða, en ávallt heimilt að úrskurða, þegar ákvörðunar er aðeins krafist.

Ríkissaksóknari reisti ákvörðun sína um haldlagninguna á 43., sbr. 21. gr. laga nr. 74/1974 og fól lögreglustjóranum í Reykjavík og lögreglustjórum úti á landi að framkvæma haldlagninguna.

Dómurinn er þeirrar skoðunar, að ákv. VI. kafla og VII. kafla laga nr. 74/1974 beri að skoða í þessu sambandi í heild sinni. Ljóst er, að ef framkvæma þarf leit í skilningi VII. kafla til að koma fram haldi, þarf yfirleitt dómsúrskurð, en ella hefur ákæruvaldið og lögreglan viðtæka heimild til að leggja hald á skv. 43. gr. laga nr. 74/1974.

Ekki kom til neinnrar lögbýngaðrar leitar í húsakynnum ákærða eða annarra manna við aðgerðir lögreglunnar. Dómurinn getur því ekki fallist

á að fella beri haldlagninguna úr gildi vegna ólögmætis. Enn fremur lítur dómurinn svo á með skírskotun til 43. gr. laganna og upptökukröfu ákærvaldsins í málinu, að hald á 4445 eintökum „Spegilsins“ og 174 eintökum af „Samvisku þjóðarinnar“ skuli standa óhaggað.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Óhaggað skal standa halda á 4445 eintökum 2. tbl. 43. árgangs tímaritsins „Spegilsins“ og á 174 eintökum af 1. tbl. 1. árgangs tímaritsins „Samviska þjóðarinnar.“

Þriðjudaginn 26. júlí 1983.

Nr. 141/1983. **Ákærvaldið**

gegn

Lee Reyni Freer.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson og Halldór Þorbjörnsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 21. þ. m., er barst Hæstarétti 22. þ. m. Hann krefst þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi. Af hálfu ákærvaldsins er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 21. júlí 1983.

Ár 1983, fimmtudaginn 21. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.